

Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið

Umsögn send rafrænt í samráðsgátt Reykjavíkurborgar, samráð 25

29. október 2025

Efni: Umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla

Markmið um aukinn fyrirsjáanleika, betra skipulag og stöðugleika í leikskólastarfi eru mikilvægar forsendur fyrir því að bæta starfsaðstæður starfsfólks og tryggja gæði menntunar og umönnunar leikskólabarna. Tillögurnar sem hér eru til umsagnar eru sagðar fyrsta skrefið í þeirri vegferð. Þegar tillögurnar eru rýndar virðast þær þó fremur vera viðbrögð við bráðavanda en meðvitað fyrsta skref í framtíðarsýn fyrir leikskólastigið í borginni.

Samræmi í aðgerðum og viðbrögðum við bráðavanda

Ljóst er að vandi skapaðist í leikskólum borgarinnar þegar ákvæði kjarasamninga um styttingu vinnuvikunnar tóku gildi, án þess að samhliða yrðu breytingar á vistunartíma barna í leikskólum. BHM skilur að Reykjavíkurborg þurfi að grípa til aðgerða til að bregðast við þessum vanda, en bendir á að fyrirbyggjandi tillögur séu ekki kynntar sem tímabundin viðbrögð heldur sem varanleg stefnumótandi breyting á skipulagi leikskólastarfs. Slíkar ákvarðanir krefjast ítarlegrar greiningar, samráðs við foreldra og mats á raunverulegum áhrifum á jafnrétti, atvinnuþátttöku og hag barna.

Vistunartími barna og jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs

BHM mótmælir tillögum um styttingu vistunartíma barna í leikskólum sem úrræði til að mæta rekstrar- eða mönnunarvanda. Slík nálgun, sem byggir á því að hvetja eða jafnvel þvinga foreldra til að stytta dvalartíma barna með fjárhagslegum hvötum, getur haft neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku foreldra, einkum kvenna, og gengur gegn markmiðum jafnréttis og virkni á vinnumarkaði.

Mismunandi aðstæður foreldra og skortur á greiningu

Engin rannsókn liggur fyrir á vilja eða getu foreldra til að stytta vistunartíma barna sinna. Gagnlegt hefði verið að fyrir lægi ítarleg könnun á því hvort einhverjir foreldrar gætu brugðist við tímabundnum vanda með sveigjanleika, án þess að það hefði áhrif á atvinnuþátttöku eða fjárhagslegt öryggi heimila.

Þar sem slíkar upplýsingar skortir er grundvöllur ákvarðanatöku veikur, og næsta víst að breytingarnar bitni með ójöfnum hætti á foreldrum eftir efnahag og fjölskylduaðstæðum. Þannig má auðveldlega sjá fyrir sér að fyrirhugaðar breytingar geti lagst þungt á ungt háskólamenntað fólk á barneignaraldri sem er nýlega komið á vinnumarkað og með þunga greiðslubyrði námslána, til viðbótar kostnaði við að koma sér upp heimili.

BHM leggur áherslu á að ákvarðanir sveitarfélaga á þessu sviði byggji á bestu mögulegu þekkingu. Áþekkar breytingar voru gerðar í Kópavogi fyrir tveimur árum, en ekki liggur fyrir yfirgripsmikil greining á raunáhrifum þeirra á mönnun, starfsaðstæður eða jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs.

Það er því óvarlegt að Reykjavíkurborg stígi sambærilegt skref án traustrar þekkingar á mögulegum áhrifum slíkra breytinga. Reykjavík hefur forystu á vettvangi sveitarfélaga og ákvarðanir af þessu tagi munu óhjákvæmilega hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum sveitarfélögum. Þá ábyrgð þurfa borgaryfirvöld að axla af yfirvegun.

Launakjör starfsfólks og mönnun skólanna

Viðvarandi mönnunarvandi í leikskólum verður einungis leystur með markvissum aðgerðum til að bæta launakjör og starfsskilyrði starfsfólks á leikskólum.

BHM tekur í þessu efni undir umsögn Félags leikskólakennara, sem hefur bent á að til að unnt sé að innleiða styttingu vinnuvikunnar án þjónustuskerðingar þurfi að fjölga stöðugildum verulega, bæta aðbúnað og efla starfsánægju kennara. Samkvæmt lögum nr. 95/2019 ber að tryggja að 67% stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum séu í höndum menntaðra kennara, en raunhlutfallið er einungis um fjórðungur. Einnig má áréttar að auk leikskólakennara bera stéttir á borð við þroskaþjálfar, talmeinafræðinga, táknmálstúlka og sálfræðinga mikla faglega ábyrgð og hafa afgerandi áhrif á velferð og þroska barna.

Þessi staða kallar vissulega á tafarlaugar aðgerðir, en brýnt er að þær aðgerðir byggji á ítarlegum greiningum á þeim vanda sem við blasir. Það væri t.d. afar gagnlegt að hafa greiningu á því sem vel er gert í leikskólum borgarinnar, því vandinn er ekki sá sami í öllum skólunum. Slík greining væri líkleg til að nýtast til að bæta ástandið í öðrum skólum að einhverju marki.

Brúun umönnunarbilsins

BHM vill beina sjónum að umönnunarbili sem myndast hjá mörgum fjölskyldum þegar fæðingarorlofi lýkur en barn kemst ekki í leikskóla fyrr en mánuðum síðar. Samkvæmt nýjustu gögnum nær meirihluti barna ekki leikskólavist fyrr en eftir 18 mánaða aldur, og víða er bilið 6–14 mánuðir. Þetta hefur í för með sér veruleg áhrif á ráðstöfunartekjur, atvinnupátttöku og jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

BHM leggur áherslu á að brúun umönnunarbilsins sé forsenda raunverulegs jafnréttis. Reynslan sýnir að efling leikskólakerfisins frá níunda áratugnum markaði þáttaskil í atvinnupátttöku kvenna og fjárhagslegu sjálfstæði þeirra. Ef vistunartími barna er skertur eða aðgengi að leikskólum takmarkað, mun það óhjákvæmilega leiða til þess að konur draga úr þátttöku sinni á vinnumarkaði. Slíkt væri bakslag í jafnréttismálum.

BHM telur brýnt að sveitarfélög og ríki vinni saman að heildstæðri lausn á umönnunarbili. Góður gangur er í vinnu starfshóps á forræði forsætisráðuneytisins, sem hefur það að

markmiði. Það er mat BHM að huga þurfi að lengingu fæðingarorlofs og hækkun fæðingarorlofsgreiðslna, slíkt væri stórt skref í áttina að því að létta á stöðu foreldra meðan unnið er að varanlegri uppbyggingu leikskólakerfis sem tryggir öllum börnum leikskólavist í skilgreindum skrefum á aldursbilinu 12 – 18 mánaða. Þær kerfisbreytingar verða þó að fara saman við aðgerðir til að styrkja leikskólastigið, fjölga menntuðum kennurum og bæta starfsumhverfi.

Lögbundið hlutverk sveitarfélaga og samspil við atvinnustefnu

Á hinum Norðurlöndunum er búið að tryggja með lögum rétt barna til dagvistunar, og þar hefur tekist að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Sambærileg lagaskylda hvílir ekki á sveitarfélögum hér á landi, þrátt fyrir að sveitarfélög beri meginábyrgð á leikskólastiginu samkvæmt lögum nr. 90/2008. BHM telur löngu tímabært að tryggja leikskólastarfi lagalegan grundvöll sem hluta af mennta- og jafnréttisstefnu ríkisins og sem lið í brúnn umönnunarbilsins.

Þá þarf að horfa til þess að þróun atvinnumála undanfarin ár hefur kallað á mikla fólksfjölgun á skömmum tíma, og álagið á leikskólana endurspeglar þá þróun. Samræmd stefnumótun í mennta-, atvinnu- og fjölskyldumálum er því nauðsynleg.

Jafnréttis- og samfélagsleg áhrif

Aðgengi að góðum og faglegum dagvistunarúrræðum hefur verið eitt mikilvægasta tækið til að tryggja jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði. Tillögur sem leiða til skerðingar á þjónustu, hvort heldur með styttingu vistunartíma eða breyttum gjaldskrá, ógna því jafnvægi sem hefur náðst á undanförunum áratugum. Þær geta jafnframt skapað hættulegt fordæmi þar sem þjónusta við börn eða aðra viðkvæma hópa er tengd greiðslugetu eða heimilisaðstæðum. Eins og bent hefur verið á gæti slík röksemdafærsla leitt til hættulegra „smitáhrifa“ í öðrum kerfum velferðarþjónustunnar.

BHM hvetur Reykjavíkurborg til að taka forystu í mótun heildstæðrar stefnu um samspil leikskóla, fæðingarorlofs og umönnunarbilsins, í samstarfi við ríkið og önnur sveitarfélög. Slík stefna þarf að sameina markmið um faglegt leikskólastarf, jöfnuð, kynjajafnrétti og fjölskylduvænt samfélag – og vera leiðarljós í þeirri vinnu sem fram undan er.

Virðingarfyllst,



Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM